

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 8. maí 2024

Mál nr. S-423/2023:

Héraðssaksóknari

(Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

og

Y

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara þann 29. júní síðastliðinn á hendur X [...] og Y [...]

I.

Gegn báðum ákærðu fyrir líkamsárás, þar af Y fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt [...] 2022, utandyra við A veist með ofbeldi að Z, en ákærði Y sló Z tvisvar sinnum með glerflösku í höfuðið, en högginn lentu á hnakka og enni Z og féll Z til jarðar en eftir að hann hafði staðið aftur upp og gengið í burtu sló ákærði X, Z fjórum sinnum með krepptum hnefa í andlitið, en högginn lentu á kjálka Z. Við þetta hlaut Z um 4,5 cm skurð á enni sem náði niður að beini, um 1 cm þreifiuma hringlaga harða kúlu á enni og um 1 cm hrufslár á vinstri framhandlegg.

Telst brot ákærða Y samkvæmt ákæru varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot ákærða X samkvæmt ákæru varða við 217. gr. sömu laga.

II.

Gegn ákærða X fyrir eftirtalin brot:

- Fyrir hótun með því að hafa að kvöldi [...] 2021 fyrir utan B, haldið hníf upp að hálsi Q, en hótunin var til þess fallin að vekja upp hjá Q ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir líkamsárás með því að hafa [...] 2022 utandyra á C veist með ofbeldi að Ö, en ákærði ýtti Ö með þeim afleiðingum að hann féll til jarðar og hlaut skrámur á framanverðum hnjám, við báða olnboga og á hnúum hægri handar.

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fyrir líkamsárás með því að hafa seint að kvöldi [...] 2022 utandyra fyrir framan veitingastaðinn D, veist með ofbeldi að Þ, en ákærði sló Þ í andlitið með krepptum hnefa með þeim afleiðingum að Þ féll á hurð og síðan til jarðar og hlaut heilahristing, roða og þrota á vinstri kinn og eymsli við að bíta saman tennur.

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa aðfaranótt [...], utandyra fyrir framan vínveitingastaðinn E, veist með ofbeldi að lögreglumanninum H-938 og ýtt með báðum höndum á brjóstkassa lögreglumannsins. Eftir að ákærði hafði verið færður inn í aftursæti lögreglubifreiðar, veittist hann með ofbeldi að lögreglumanninum H-1736 en ákærði sparkaði tvisvar sinnum í andlit hans, og lentu spörkin á vinstri og hægri hlið andlits lögreglumannsins. Eftir að ákærði hafði verið færður að lögreglustöðinni að [...] veittist hann aftur með ofbeldi að lögreglumanninum H-1736 fyrir framan lögreglustöðina og sparkaði í klof eða neðri hluta kviðs hans hægra megin. Af þessu öllu hlaut lögreglumaðurinn H-1736 þreifeymsl yfir kviðvöðva hægra megin og vinstra gagnauga og höfuðverk. Jafnframt hótaði ákærði lögreglumönnum H-1736 og H-938 ítrekað ofbeldi og lífláti, í aftursæti lögreglubifreiðarinnar og fyrir framan og inni á lögreglustöðinni, en lögreglumennirnir voru við skyldustörf greinda nótt.

Teljast brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Gegn ákærða Y fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt [...] 2022 inni á vínveitingastaðnum E, veist með ofbeldi að Æ, en ákærði sló Æ í andlitið með krepptum hnefa með þeim afleiðingum að Æ féll í gólfid og hlaut mar og um 1,5 cm opið ílangt sár undir hægra auga og rauðleita skrámu í slímhúð innan á hægri kinn.

Telst brot ákærða samkvæmt ákæru varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliðar I

Af hálfu Z, er þess krafist að ákærðu, Y og X, verði gert að greiða tjónþola bætur in solidum að fjárhæð kr. 2.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi til þess dags er mánuður er liðinn frá dagsetningu bótakröfunnar og dráttarvaxta skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. vaxtalaga. Tjónþoli gerir einnig þá kröfu að Guðmundur St. Ragnarsson, lögmaður, verði skipaður réttargæslumaður sinn skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008. Þá er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða hæfilegan kostnað vegna réttargæslu skv. ákvörðun dómsins, sbr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008. Verði dómurinn ekki við þeirri kröfu að skipa brotþola réttargæslumann er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða lögmannskostnað brotþola við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi sem lögð verða fram við meðferð málsins. Krafan er gerð með vísan til 1. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflytningsþóknun.

Vegna ákæruliðar III

Af hálfu Æ, er þess krafist að ákærða Y verði gert að greiða brotþola skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 500.000,- auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 23. október 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist að réttargæslumaður fái greiddan málskostnað samkvæmt mati dómara eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Málið var þingfest 21. september 2023.

Ákærði X neitaði upphaflega sök í öllum ákæruliðum og hafnar framkomnum bótakröfum. Við skýrslutöku í aðalmeðferð játaði ákærði sök samkvæmt ákærulið II.3. Ákærði Y neitar sök og hafnar framkomnum bótakröfum.

Aðalmeðferð fór fram 12. mars 2024 og var fram haldið þann 18. mars sama ár. Var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir. Af hálfu bótakrefjenda eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir.

Af hálfu ákærða Y er aðallega krafist sýknu, til vara að ákærða verði ekki gerð refsing og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði aðallega frávísunar framkominnar bótakröfu, en til vara sýknu og þrautavara lækkunar.

Af hálfu ákærða X er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, nema hvað varðar I. ákærulið. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög frekast leyfa. Þá krefst ákærði aðallega frávísunar framkominna bótakrafna, en til vara sýknu og þrautavara lækkunar. Loks er þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

II.

Málavextir

Ákæruliður I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, dags. [...] 2022, barst lögreglu tilkynning um líkamsárás, þar sem aðili hefði verið laminn meðal annars með flösku. Þegar lögreglu bar á vettvangi að A, hittu lögreglumenn fyrir brotapolann Z, sem var með sjáanlega áverka á enni, sem blæddi úr, auk þess sem hann var með kúlu aftan á höfði. Kvaðst brotapolinn hafa verið laminn með vodka flösku í höfðuð og hafa verið kýldur í andlitið. Kvað brotapolinn ákærða X hafa kýlt hann en kvaðst ekki viss um hver hefði lamið hann með flöskunni, en sagði þó að það hefði verið sá sem ætti afmæli þarna. Kemur fram í skýrslunni að brotapolinn hafi verið sjáanlega ölvaður og hafi hann verið fluttur af vettvangi með sjúkrabifreið. Þá kemur fram í skýrslunni að nokkur ölvun hafi verið á vettvangi og erfiðlega hafi gengið að ræða við vitni sökum ölvunar og almennra leiðinda. Þó kemur þar fram að ákærði X hafi sagst hafa verið sá sem kýldi brotapola Z. X hafi verið sjáanlega ölvaður og með mikil leiðindi á vettvangi. Loks kemur fram í skýrslunni að á vettvangi hafi vitnið F sagt ákærða Y hafa lamið brotapolann með flöskunni, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á enni á milli augna. Kvað vitnið „[...]“ einnig hafa kýlt brotapoli í hnakkann með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hnakka. Loks kemur fram í skýrslunni að ákærði Y hafi verið farinn af vettvangi er lögreglu bar að garði.

Brotapoli gaf skýrslu hjá lögreglu þann [...] 2022. Kvaðst hann hafa verið ásamt félaga sínum í partyi á A umrætt sinn. Kvað brotapolí einhvern strák hafa verið að hótta litla bróður félaga hans og þeir að biðja hann að hætta því. Hafi brotapolí þá verið rifinn til hliðar af einstaklingi og hafi þeir verið að ýtast og slegið hvor til annars. Kvaðst brotapolí telja að þeir hafi þó hvorugur náð höggi á hinn og hafi hann beðist afsökunar er þeir hættu. Þó hafi „strákurinn sem býr þarna“ óvart fengið högg frá brotapolá. Kvaðst brotapolí allt í einu hafa fengið högg með vodkaflösku í hnakkann frá ákærða Y, en kúrekahttur sem brotapolí bar hafi dregið úr högginu. Hafi brotapolí snúið sér við og reynt að ná af ákærða Y flöskunni, en hann náð að slá brotapolá með flöskunni í ennið. Hafi brotapolí dottið niður og rennt sér niður brekkuna sem þarna var. Hafi mikið blætt úr brotapolá og hann óttast um líf sitt. Kvaðst hann ekkert hafa gert á hlut ákærða Y. Þegar brotapolí hafi verið á A að labba heim til félaga síns hafi ákærði X komið og sagt brotapolá að labba í hina áttina og svo kýlt brotapolá með krepptum hnefa fjórum sinnum í kjálkann. Kvaðst brotapolí ekkert hafa gert á móti og haldið áfram að labba. Félagi brotapolá hafi snúið ákærða X niður áður en lögregla kom á vettvang. Kvaðst brotapolí ekkert hafa gert á hlut ákærða X.

Þann [...] 2022, gaf ákærði Y skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið með afmæli í „[...]“ og brotapolí mætt þangað óboðinn. Eftir afmælið hafi „þeir“ farið að A og brotapolí með þeim. Kvaðst ákærði hafa verið ölvaður og partyið bæði verið innan- og utandyra. Ákærði hafi verið úti og heyrnt læti en ekki vitað hvað væri í gangi og farið inn. Vitnið G hafi þá sagt brotapolá að slaka á en brotapolí hafi þá verið með læti inni. Brotapolí hafi ætlað að „hjóla í“ vitnið G og þeir komnir út fyrir. Kvaðst ákærði þá hafa „bankað“ í hnakkann á brotapolá með vodkaflöskunni, laust og brotapolí þá kýlt ákærða með krepptum hnefa í vinstra eyrað. Kvað ákærði eyrað hafa brotnað og hann vankast við höggið. Hafi ákærði þá slegið til baka með flöskunni, en verið ringlaður og heyrnt högg. Hafi hann þá séð sár á enni brotapolá og áttað sig á hvað hefði gerst. Kvaðst ákærði líta svo á að hann hefði verið að verja sig þar sem brotapolí hefði verið búin að lemja ákærða og fjóra aðra þegar þarna var komið sögu. Stuttu síðar hafi brotapolí verið kominn út á götuna og ætlað að drepa alla en ákærði þá ákveðið að fara heim. Kvað hann brotapolá þá hafa elt sig og ætlað að finna hvar ákærði byggi, en þá hafi nokkrir strákar komið að til að stoppa brotapolá. Hafi þar meðal annarra verið meðákærði X sem hafi þá kýlt brotapolá með krepptum hnefa í andlitið.

Þann [...] 2022 gaf ákærði X skýrslu hjá lögreglu. Kom þar fram að meðákærði Y hafi verið að halda uppá afmæli sitt og brotþoli mætt þar óboðinn. Hafi þeir leyft honum að vera þar sem og í eftirpartýi heima hjá ákærða X. Kvaðst ákærði hafa heyrt læti úti þar sem brotþoli hafi verið að rífa kjaft og ætlað að kýla einhvern en ekki hitt og hafi höggið lent á J. Hafi meðákærði farið að stoppa þetta og fengið högg í eyrað. Hafi ákærði farið að stoppa átökin og sem hafi færst út á götuna. Kvaðst ákærði hafa reynt að stoppa brotþola, en brotþoli þá reynt að kýla ákærða en ekki hitt. Kvaðst ákærði þá hafa kýlt brotþola fjórum sinnum með krepptum hnefa í andlitið en H dregið ákærða í burtu. Kvaðst ákærði ekki hafa ætlað brotþola illt, hann hafi bara verið að reyna að koma honum burt.

Þann [...] 2022, gaf vitnið F, skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið með I fyrir utan partýið er strákur hafi komið að og farið að hóta I. Hafi brotþoli gengið inn í rifrildið á milli vitnisins og þessa stráks, sem vitnið kvaðst ekki þekkja deili á. Kvað vitnið brotþola hafa tekið typpið á sér út og sveiflað í átt að stráknum, sem vitninu hafi ekki þótt sniðugt og farið út. Hafi vitnið setið í stiganum fyrir utan ásamt I og hafi brotþoli komið til þeirra en síðan farið. Hafi vitnið heyrt öskur og litið út á götuna og séð brotþola umkringdan strákum sem hafi verið að reyna að reka hann burt. Hafi brotþoli verið með sár í andlitinu. Hafi vitnið þá farið og reynt að stoppa þetta, en kvaðst ekki hafa séð þegar brotþoli var laminn, en vitninu hafi verið sagt að það hafi verið með flösku. Úti á götunni hafi ákærði X slegið brotþola nokkrum hnefahöggum í andlitið með krepptum hnefa. Kvaðst vitnið hafa tekið ákærða X og dregið hann frá brotþola. Kvað vitnið brotþola ekkert hafa gert ákærða X.

Þann [...] 2022, gaf vitnið I skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið á vettvangi umrætt sinn þar sem tveir strákar hafi ætlað að berja hann en brotþoli verið að passa uppá vitnið. Kvað vitnið brotþola hafa farið að veifa á sér tittlingnum og strákarnir farið að vera með kjaft við brotþola. Hafi G farið að ýta brotþola og derringur verið í gangi. Hafi brotþoli reynt að kýla G en hitt annan strák. Hafi Y lamið brotþola með flösku í hnakkann og síðan hafi vitnið séð brotþola blóðugan á enninu. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða Y lemja brotþola í ennið. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða X kýla brotþola.

Þann [...] 2022, gaf vitnið H skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða Y lemja brotþola, þar sem vitnið var að klæða sig í skó. Vitnið bar að þegar það kom út hafi brotþoli verið blóðugur í andlitinu. Brotþoli hafi ekki ætlað að stoppa og verið komin niður á götuna og strákarnir verið að segja honum að fara heim. Hafi brotþoli ætlað að elta ákærða Y heim og ákærði X farið og sagt honum að fara í aðra átt. Hafi brotþoli ekki hlustað á hann og ýtt ákærða X frá sér og reynt að kýla hann en ekki hitt. Hafi ákærði X þá slegið brotþola tvisvar sinnum með krepptum hnefa í andlitið.

Þann [...] 2022, gaf vitnið j, einnig þekktur sem J, skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa gengið á milli rifrildis brotþola við einhvern strák og fengið högg á hnakkann frá brotþola, sem hafi verið ætlað öðrum. Skömmu síðar hafi vitnið séð ákærða Y slá brotþola með flösku í ennið svo úr blæddi og hafi brotþoli við það bakkað frá út á götuna. Hafi „[...]“ verið sagt að fara heim og hann gengið af stað en brotþoli elt hann. Þá hafi nokkrir strákar elt brotþola.

Þann [...] 2022, gaf vitnið G skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið í umræddu party og þar hafi brotþoli mætt óboðinn og farið að abbast uppá fólk. Kvaðst vitnið hafa beðið brotþola að fara og hafi brotþoli þá reynt að kýla vitnið, en ekki hitt. Hafi brotþoli þá reynt aftur og kýlt vitnið lauslega í andlitið. Hafi vitnið ýtt við brotþola og ákærði Y þá komið að haldandi á flösku og „bankað“ með henni í hnakkann á brotþola. Hafi brotþoli kýlt ákærða Y í eyrað og ákærði í kjölfarið slegið brotþola með flöskunni í andlitið. Hafi brotþoli vankast og farið út fyrir grindverkið, út á götu. Hafi ákærði X farið á eftir brotþola, en brotþoli hafi verið öskrandi að hann ætlaði að drepa einhvern. Taldi vitnið ákærða X hafa kýlt brotþola einu sinni.

Loks gaf vitnið K símaskýrslu hjá lögreglu, samkvæmt skýrslu lögreglu [...] 2022, þar sem hann kvaðst hafa sé ákærða Y slá brotþola með vodkaflösku í ennið þannig að stór skurður hafi opnast. Kvað vitnið ákærða X síðan hafa tekið flöskuna og slegið brotþola, en vitnið kvaðst ekki hafa séð hvar það högg lenti. Í aðdraganda þessa hafi brotþola verið að ýta í annan strák sem þarna var. Þá kvað vitnið brotþola í kjölfarið verið að „rífa sig“ á götunni og þar hafi ákærði X lamið brotþola.

Meðal gagna málsins er áverkavottorð brotþola. Kemur þar fram að hann hafi leitað á slysadeild Sjúkrahússins [...] aðfaranótt [...] 2022, nánar tiltekið klukkan 04:30. Þá kemur þar fram að við komu hafi brotþoli lýst vægum höfuðverk, verið með skurð á enni, kúlu á hnakka og skrámu á vinstri framhandlegg. Brotþoli hafi verið vel vakandi og skýr við komu en ölvaður. Andlit hans hafi verið nær alblóðugt og langlæg, línuleg og gapandi u.þ.b. 4,5 cm rifa á enni, frá miðlægum kanti vinstri augabrúnar upp mitt enni. Dýpt hafi náð niður að beini. Hafi vaknað grunur um skoru í undirliggjandi beini. Þá hafi verið u.þ.b. 1 cm þreifiaum hringlaga hörð kúla á enni í miðlínu yfir efri svíralínu hnakkabeins, en húð þar heil. Þá hafi verið um 1 cm hrufslár yfir öln á vinstri framhandlegg, 8 cm frá olnbogalið. Þá kemur fram í vottorðinu að tekin hafi verið tölvusneiðmynd af höfði og niðurstaða hennar verið að ekki væri blæðing og brot greinist ekki. Hafi brotþoli verið saumaður á slysadeild og fyrirbyggjandi sýklalyf gefin. Í samantekt í lok vottorðsins segir „24 ára karlamaður sem leitaði á Slysadeild [...] aðfaranótt [...] 2022 í kjölfar áverka. Hlaut hann djúpan skurð á enni, sbr. lýsingu að ofan. Krafðist sauma. Áverki getur samrýmist [sic] sjóvri [sic] kraftverkan í hornréttu stefnu með hörðu barefli. Einnig kúla á hnakka, sbr. lýsingu. Samrýmist [sic] sljóvum áverka. Tölvusneiðmynd af höfði sýndi hvorki fram á innri blæðingu né beinbrot.“

Ákæruliður II.1.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu dags. [...] 2021, kom vitnið L á lögreglustöðina [...] þann [...] 2021 til að leita ráða vegna atviks þann [...] 2021 við B Kvað hann [...] hafa verið hótað og hnífur lagður að kviði hans og hálsi. Með vitninu hafi verið brotþoli Q. Kvaðst brotþoli hafa verið á diskóteki í [...] umrætt kvöld. Hann hafi síðan farið að B með M, þar sem hann hafi hitt fyrir ákærða X og vitnið N. Kvaðst brotþoli stuttu áður hafa eytt ákærða út af Snapchat hjá sér en hann ekki verið sáttur við það. Kvað brotþoli ákærða hafa fengið hníf frá vitninu N sem hann hafi svo lagt upp að kviði brotþola og síðan hálsi. Kvaðst brotþoli hafa fundið vel fyrir blaði hnífsins og fundið að það væri beitt. Lýsti brotþoli hnífnum sem eldhúshníf, mögulega grænmetishníf. Þá liggur fyrir að þann [...] sama ár mætti vitnið L og lagði fram formlega kæru á hendur ákærða vegna málsins.

Þann [...] 2021 gaf brotþoli skýrslu hjá lögreglu. Bar hann þá efnislega með sama hætti um atvik og hann hafði gert í upphaflegri komu hans á lögreglustöð með [...] og lýst er að framan.

Þann [...] 2022 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst ákærði hafa verið að sækja [...] sinn á ball umrætt kvöld. Kvað ákærði [...] og væru þess vegna að leggja fram kæru á hendur honum. Hafi hann verið með hníf á sér umrætt sinn, sem hann ætti sjálfur, og kvað ákærði hafa lagt hann „öfugan“ upp að hálsi brotþola í tvær sekúndur, og á sama tíma sagt brotþola að „adda“ sér aftur á Snapchat. Hefðu þeir báðir farið að hlæja enda hafi þetta verið grín og hefði ákærði beðið brotþola afsökunar á þessu.

Þann [...] 2021 gaf vitnið N símaskýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið vera æskuvinnur ákærða en lítillaga þekkja til brotþola. Kvaðst vitnið hafa verið með ákærða umrætt kvöld við B þar sem þeir hafi hitt brotþola og M. Kvaðst vitnið hafa verið að spjalla við M og þegar hann hafi litið aftur sig hafi hann séð ákærða halda hníf upp að hálsi brotþola og hafi ákærði verið að spyrja af hverju brotþoli vildi ekki „adda“ honum á Snapchat. Hafi vitnið þá spurt ákærða hvað hann væri að gera og ákærði þá fært hnífinn af hálsi brotþola og ýtt honum frá sér. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa átt hnífinn. Ákærði hefði átt hnífinn.

Þann [...] 2021 gaf vitnið M skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið á balli með vinum sínum umrætt kvöld B. Þá hafi hún og brotþoli ákveðið að fara út og þá hitt ákærða og vitnið N og tekið þá tali. Kvaðst vitnið hafa verið að spjalla við vitnið N og þegar hún hafi snúið sér við hafi hún séð hvar ákærði var með hníf við hálsinn á brotþola. Kvaðst vitnið ekki hafa heyrt hvað þeim fór á milli.

Ákæruliður II.2.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri [...] 2022, mætti vitnið O á lögreglustöðina á [...] þann sama dag fyrir hönd [...] brotþola Ó, til að leggja fram kæru á hendur ákærða X, vegna líkamsárásar þann [...] 2022, þar sem ákærði mun hafa ráðist á brotþola og hrint honum þannig að brotþoli meiddist á hendi.

Þann [...] 2022, gaf brotaþoli skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið að ganga með vinum sínum, vitnunum É og Á niður við [...] þar sem vitnið É hafi verið að rífast við einhvern strák. Kvað brotaþoli hinum stráknum hafa fundist brotaþoli sýna þeim óvirðingu. Þeir hafi svo verið á [...] þegar bifreið hafi tekið U-beygju og út úr honum komið H, árársaraðilinn, sem brotaþoli kvaðst ekki þekkja og Í. Hafi árársaraðilinn verið í [...] buxum og [...] peysu. Hafi hann ýtt brotaþola, sem hafi næstum dottið. Hafi árársaraðilinn sagt við Í „á ég ekki bara að stúta honum/lemja hann“ og svo tekið í brotaþola með báðum höndum og hrint honum þannig að hann féll á bifreið og svo á gangstéttina. Þeir hafi svo allir farið í burt. Kvaðst brotaþoli hafa hruflost á hægri hnúa og hægri fæti við þetta.

Þann [...] 2022 gaf ákærði X skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst ákærði hafa verið með vitninu H, þegar [...] H hafi hringt grátandi og kveðið brotaþola vera að elta hann. Kvað ákærði brotaþola vera þekktan fyrir það að nauðga fólki. Því hafi ákærði og H því leitað að brotaþola til að tala við hann. Er þeir hafi séð hann hafi þeir farið út úr bílum og kvaðst ákærði hafa ýtt í brotaþola með báðum höndum. Hafi brotaþoli svo dottið þegar hann rak löppina í gangstéttina. Þá hafi ákærði og vitnið H ekið burt. Kvaðst ákærði ekki hafa ætlað að meiða brotaþola, aðeins hræða hann.

Þann [...] 2022, gaf vitnið Í skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið á rúntinum með ákærða og vitninu H Þeir hafi séð brotaþola og stoppað bíllinn og allir farið út. Kvað vitnið alla vita að brotaþoli hefði nauðgað fjórum stelpum. Kvað vitnið ákærða hafa ýtt í brotaþola svo hann hafi eiginlega dottið. Kvað vitnið þá félaga síðan hafa farið burt.

Þann [...] 2022, gaf vitnið H skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa átt slæma sögu að baki með brotaþola [...]. Hafi brotaþoli umræddan dag verið að stríða [...] vitnisins H þar sem sá var [...]. Hafi það endað á því að [...] vitnisins hafi komið [...]. Hafi vitnið svo heyrt af brotaþola við [...] þar sem hann væri að rífast við [...]. Hafi vitnið verið með ákærða og vitninu Í að keyra, þegar þeir hafi séð brotaþola. Hafi vitnið H vilja ræða við brotaþola og þeir allir farið út úr bílnum og hafi brotaþoli þá ýtt sér ógnandi að ákærða en ákærði þá ýtt brotaþola frá sér. Hafi brotaþoli svo bakkað frá ákærða þegar hann þóttist fara í hann og við það hafi brotaþoli rekist í gagnstéttarbrúnina og dottið aftur fyrir sig.

Hafi brotaþoli þá gengið í burtu og kvað vitnið brotaþola hafa lamið í umferðarskilti er hann gekk í burt.

Þann [...] 2022, gaf vitnið Á skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið úti með brotaþola og vitninu É þegar bíl hafi verið ekið að þeim og út komið vitnin H og Í ásamt ákærða. Hafi ákærði farið alveg upp að andliti brotaþola og vitninu fundist hans ógnandi í framkomu. Hafi ákærði svo spurt vitnið Í hvort hann ætti að berja brotaþola og Í svarað því játandi. Hafi ákærði þá ýtt brotaþola þannig að brotaþoli datt aftur fyrir sig í jörðina. Hafi brotaþoli síðan gengið burt og ákærði sagt við vitnið að ef hann færi ekki líka myndi ákærði berja hann líka. Hafi vitnið þá farið til brotaþola þar sem hann sat grátandi á grasbletti, með blóð á annarri hendi.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð dagsett [...] 2022, þar sem fram kemur að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttökuna [...] þann [...] 2022. Hafi brotaþoli sagst hafa lent í tilefnislausri árás, þar sem árasaraðili hafi reynt að hrinda honum en brotaþoli náð að skýla sér. Þá hafi árasaraðili reynt að gefa frá sér högg en brotaþoli náð að skýla sér frá því. Loks hafi árasaraðilinn hrifsað í peysu brotaþola á framanverðri bringu og hrint honum niður í jörðina. Kemur þar fram að við skoðun hafi sést skrámur á framanverðum hnjám og olnboga, ekki mar, palpaumur við snuffbox vinstra megin, ekki verkir við palpato á höndum eða fótum að öðru leyti. Þá kemur þar fram að brotaþoli hafi farið heim með almennar ráðleggingar og að áverkar hafi samrýmst sögu sem sögð var. Þá fylgja vottorðinu myndir af áverkum brotaþola.

Ákæruliður II.3.

Um málsatvik vísast til ákæru. Með vísan til játningar ákærða þykja ekki efni til að reifa málsatvik frekar hvað þennan ákærulið varðar.

Ákæruliður II.4.

Samkvæmt skýrslu lögreglu dags. [...] 2022, sem rituð er af lögreglumanni nr. h938 urðu lögreglumenn aðfaranótt [...] sama ár, varir við slagsmál fyrir framan skemmtistaðinn E. Höfðu lögreglumenn afskipti af aðilum og kallaði ákærði þá ókvæðisorð að lögreglumönnum, meðal annars að þeir væru „lögguvín“. Hafi vinir ákærða verið að reyna að róa hann og koma honum burt, en lögregla kallað á þá að koma og ræða við

lögreglu. Hafi ákærði þá snúið við og verið mjög reiður og ógnandi í garð lögreglu. Eftir nokkur ókvæðisorð hafi ákærði komið askvaðandi að lögreglumanni h938 og ýtt með báðum höndum á brjóstkassa lögreglumannsins. Hafi ákærði við þetta verið handtekinn. Hafi ákærði verið ósamvinnufús, mikið streist á móti og hreytt ókvæðisorðum í lögreglumenn sem og hótað þeim líkamsmeiðingum og lífláti. Þá hafi ákærði sparkað í vinstri framhurð lögreglubifreiðar [...] og einnig hægri afturhurð hennar er lögreglumenn hugðust færa hann í bifreiðina. Þá hafi ákærði sparkað bæði í innréttingu og rúðu bifreiðarinnar eftir að hann var færður inn í hana. Þá lentu lögreglumenn í átökum við ákærða í og við bifreiðina, þar sem ákærði hafi sparkað af miklu afli í andlit lögreglumanns nr. H1736 vinstra megin og svo aftur hægra megin. Við komu á lögreglustöð hafi ákærði haldið áfram uppteknum hætti og þar sparkað í klofið á lögreglumanni nr. H1736. Þá kemur fram í skýrslunni að ákærði hafi ítrekað hótað lögreglumönnum bæði líkamsmeiðingum og lífláti.

Þá liggur frammi í málinu skýrsla lögreglumanns nr. H1736, þar sem atvikum er lýst með sama hætti og greinir í skýrslu lögreglumanns nr. h938. Kemur þar meðal annars fram að ákærði hafi í tvígang sparkað í andlit lögreglumanns nr. H1736 sem og að sparka í klof lögreglumannsins. Þá hafi ákærði hótað að beita lögreglumennina ofbeldi.

Þann [...] 2023 gaf ákærði skýrslu vegna málsins hjá lögreglu. Kvaðst ákærði hafa verið á bar með félögnum sínum og þeir bara mjög rólegir þegar einhverjir útlendingar hafi farið að rífa kjaft við [...] ákærða. Hafi lögregla komið að og ákærði labbað burt, en lögreglan elt hann. Kvað ákærði lögregluna hafa verið búna að vera dagana á undan að elta hann og taka hann í allskonar drug test. Kvaðst hann því hafa orðið hræddur þegar lögreglan elti hann og ýtt frá sér. Hafi hann í kjölfarið verið handtekinn og streist á móti þar sem hann hafi verið handtekinn fyrir „ekki neitt“. Kvaðst ákærði hafa spriklað þegar lögreglumenn voru að setja hann inn í lögreglubifreiðina og „það óvart farið í andlitið“ á lögreglumanni. Ekki hafi verið um viljandi spark að ræða. Kvað ákærði þetta bara hafa verið mistök hjá lögreglu að handtaka hann.

Meðal gagna málsins eru upptökur úr búkmyndavél og eftirlitsmyndavélum á lögreglustöðinni er sýna átök lögreglu og ákærða. Þá má á myndbandi úr búkmyndavél lögreglu heyra samskipti ákærða við lögreglu og hótanir hans í garð lögreglumanna.

Meðal gagna málsins er áverkavottorð dags. [...] 2022, þar sem fram kemur að lögreglumaður hafi leitað til heilbrigðisstofnunar [...] í kjölfar atviks í vinnu þar sem verið var að taka niður einstakling. Hafi lögreglumaðurinn fengið fótspark í andlit beggja vegna, tog/tak aftaná hægri öxl og síðan spark í hægri fossu (neðri hluta kviðs hægra megin). Við skoðun hafi lögreglumaðurinn verið þreyfiaumur yfir vinstra gagnauga, þreyfiaumur yfir kviðvöðva neðst hægra megin rétt yfir ASIS og þreyfiaumur aftanvert á hægri öxl, yfir deltoid. Er niðurstaða skoðunarinnar sú að lögreglumaður hafi hlotið tognun á hægri öxl.

Ákæriliður III

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dags. [...] 2022, kom brotaþoli Æ á lögreglustöðina [...] þann dag til að leggja fram kæru á hendur ákærða Y. Kvaðst brotaþoli hafa verið að skemmta sér með ákærða og vinum hans. Þeir hafi verið að drekka saman á Æ aðfaranótt [...] 2022, þegar ákærði hafi slegið brotaþola í höfuðið með krepptum hnefa. Kvaðst brotaþoli ekki muna eftir högginu og ekki fyrr en búið hafi verið að henda ákærða út og verið að hlúa að sári sem brotaþoli hafi fengið eftir höggið eða högginn. Kvaðst brotaþoli ekki vita hvort ákærði sló hann einu eða fleiri höggum. Aðspurður kvað brotaþoli sér hafa verið sagt að það hafi verið ákærði sem sló hann, af bæði gestum og starfsfólki skemmtistaðarins sem urðu vitni að árásinni. Þá kvaðst brotaþoli hafa farið til skoðunar á heilbrigðisstofnun [...] vegna áverka er hann hlaut, en í skýrslunni kemur fram að brotaþoli hafi verið með sýnilegt glóðarauga undir hægra auga og bólgu og sár á kinnbeini hægra megin.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann [...] 2022. Kom þar fram að ákærði gekkst við því að hafa slegið brotaþola einu höggi með krepptum hnefa umrætt sinn. Kvað ákærði brotaþola hafa verið með „dólg“ við ákærða og er þeir stóðu hlið við hlið hafi brotaþoli tekið um háls ákærða. Hafi ákærði ítrekað beðið brotaþola að sleppa sér en brotaþoli ekki orðið við því. Kvaðst ákærði þá hafa slitið sig lausan og slegið hann einu hnefahöggi með krepptum hnefa með þeim afleiðingum að brotaþoli féll í gólfið.

Þann [...] 2022 gaf meðákærði X skýrslu hjá lögreglu sem vitni. Lýsti meðákærði atvikum með sama hætti og ákærði.

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla vegna myndbandsupptöku frá Æ [...] 2022, þar sem fram kemur að á upptöku úr öryggismyndavél staðarins megi sjá hvar brotaþoli færir sig nær ákærða, tekur utan um háls ákærða með hægri hendi, þannig að brotaþoli heldur utan um háls ákærða með handleggnum. Þá sést hvar ákærði beygir sig niður til að losa sig úr taki brotaþola og kýlir hann einu höggi. Umrætt myndband liggur einnig frammi í málinu.

Meðal gagna málsins er áverkavottorð dags. [...] 2022. Þar kemur fram að brotaþoli hafi leitað á slysideild þann [...] 2022, í kjölfar ósættis sem endað hafi með handalögmálum. Hafi hann sagst hafa fengið högg frá félaganum sínum í andlitið, með krepptum hnefa og hring á fingri. Við skoðun sást áverki undir auga, fjöluþlétt mar undir auganu og um 1,5 cm opið ílangt sár undir auga. Innan á hægri kinn var rauðleit skráma í slímhúð. Ekki merki um beináverka.

III.

Framburður við aðalmeðferð

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu auk ákærðu beggja vitnin Z brotaþoli, F, I, J, G, W læknir, lögreglumaður nr. 0703, Q brotaþoli, M, Ý, N, Ö brotaþoli, Í, Á, R, S, lögreglumaður nr. h1736, K, lögreglumaður h938, T læknir, Æ brotaþoli, V læknir og H. Vitnið H bar þó eingöngu um háttsemi ákærða Y, þar sem vitnið skoraðist undan vitnaskyldu vegna tengsla sinna við ákærða X.

Fyrir dómi bar ákærði X hvað varðar háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákærulið I, að hann hefði ásamt vinum sínum verið að halda upp á afmæli meðákærða. Þegar þeir hafi verið komnir í eftirpartý heima hjá ákærða hafi ákærði heyrt einhver læti fyrir utan og hafi hann ásamt meðákærða farið að kanna hvað væri í gangi. Hafi hann þar séð brotaþola, þar sem hann hafi verið að reyna að ráðast á vitnið G félaganum ákærðu. Hafi meðákærði farið að tala við brotaþola og „bankað“ í hausinn á brotaþola með flösku, einu sinni aftan á hnakkann og síðan í ennið eftir að brotaþoli hafði snúið sér við og kýlt meðákærða. Hafi brotaþoli þá dottið niður brekkuna. Kvaðst ákærði þá hafa sagt meðákærða að fara bara heim. Hafi brotaþoli þá ætlað að elta meðákærða og hafi brotaþoli öskrað að hann ætlaði að drepa meðákærða, en ákærði farið með [...], vitninu

H, á eftir brotaþola að reyna að stoppa hann. Kvaðst ákærði hafa ýtt aðeins í hann að reyna að stoppa hann. Hafi ákærði þá slegið frá sér, enda hafi brotaþoli verið búin að ráðast á tvo eða þrjá þegar þarna var komið. Kvaðst ákærði hafa slegið þremur eða fjórum hnefahöggum. Kvaðst ákærði telja að högginn hafi lent á kjálka brotaþola. Aðspurður kvaðst ákærði gangast við því að hafa slegið brotaþola þremur eða fjórum hnefahöggum í kjálkann. Kvaðst ákærði hafa verið að verja sig og vin sinn, meðákærða og kvaðst hafa slegið frá sér í sjálfsvörn. Aðspurður kvað ákærði meðákærða hafa verið með litla vodkaflösku, líklega 500 ml, úr gleri. Um háttsemi þá er lýst er í ákærulið II.1, bar ákærði að hann hefði verið á rúntinum umrætt kvöld þegar hann hafi hitt brotaþola sem hann kvaðst hafa þekkt frá því að hann var lítill krakki. Kvaðst ákærði hafa verið að spjalla við brotaþola á „snap“ en brotaþoli síðan blokkað hann. Kvaðst ákærði þá hafa séð brotaþola og stokkið að honum að spjalla. Ákærði hafi síðan dregið upp hníf, með sveigðu blaði, og haldið honum öfugum að hálsi brotaþola og sagt honum að „adda“ sér aftur á „snap“. Síðan hafi hann hætt og sagst hafa verið að grínast í brotaþola og þeir báðir hlegið að þessu. Kvað ákærði um grín hafa verið að ræða og skildi ekkert í þessari kæru. Kvaðst ákærði hafa átt umræddan hníf. Um háttsemi þá er lýst er í ákærulið II.2, bar ákærði að hann hefði verið ásamt [...], vitninu H, þegar vitnið fékk símtal frá [...] sínum þar sem einhver væri að atast í honum. Hafi þeir farið og hitt vitnið Í sem sagt hafi ákærða hvað hefði gerst. Hafi þeir farið og fundið brotaþola og sagt honum að láta [...] í friði. Kvaðst ákærði hafa ýtt einu sinni við honum með báðum höndum í bringuna, þó þannig að brotaþoli hafi ekki dottið, en brotaþoli hafi tekið tvö skref aftur á bak og rekið sig í gagnstéttarkant og við það dottið. Hafi ákærði þá sagt honum að „drulla sér í burtu“ og brotaþoli þá farið. Kvaðst ákærði ekki hafa haft ásetning til að meiða brotaþola, heldur kvaðst hann bara hafa ætlað að hræða hann. Þá kvað ákærði brotaþola ekki hafa fengið neina áverka. Hann hefði bara dottið á rassinn. Um háttsemi þá er lýst er í ákærulið II.3, kvaðst ákærði játa sök. Um háttsemi þá er lýst er í ákærulið II.4, kvaðst ákærði hafa verið með félögum sínum á barnum og einhverjir [...] hafi verið að „böggast“ í vini ákærða. Hafi löggan þá komið og farið að elta ákærða sem kvaðst bara hafa ætlað að labba í burtu. Hafi löggan króað hann af og hann þá ýtt lögreglumanni frá sér, með báðum höndum í brjóstakassa lögreglumansins. Hann hafi þá verið handtekinn og settur í lögreglubíl. Kvaðst ákærði hafa verið ósáttur og verið að sprikla. Hafi lögreglumaður þá sett hausinn á sér þarna inn um hurðina á bifreiðinni og óvart fengið spörk í sig frá ákærða. Hafi hinn lögreglumaðurinn þá keyrt ákærða út í rúðu bifreiðarinnar og kvaðst ákærði þá hafa

brjálást. Lögreglumaðurinn sem hafi síðan fært hann úr bifreiðinni, ákærði hafi verið orðinn reiður og sparkað í klof lögreglumanns og þeir þá orðið reiðir og hent ákærða utan í girðingu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa ætlað að sparka í höfuð lögreglumanns þegar hann var inni í bifreiðinni en hann kvaðst þó hafa ætlað að sparka í klof lögreglumannsins fyrir utan lögreglustöðina, þar sem hann hafi verið orðinn reiður vegna aðfara lögreglumannanna. Þá kannaðist ákærði við að hafa hótað lögreglumönnum ofbeldi og lífláti, enda kvaðst hann hafa verið orðinn sár, reiður og fullur. Kvaðst ákærði ekki hafa meint neitt með hótunum sínum. Þá gaf ákærði skýrslu sem vitni vegna ákæruliðar III. Kvaðst ákærði hafa verið með meðákærða og brotaþola umrætt sinn. Brotaþoli hafi verið orðinn frekar fullur og verið með stæla við ákærða. Hafi ákærði staðið upp og sagt við meðákærða að hann myndi „kýla hann sjálfur ef hann héldi ekki kjafri“ hafi brotaþoli þá farið að „tala skít við“ meðákærða og hafi meðákærði þá slegið brotaþola. Hafi meðákærða þá verið hent út og ákærði farið út sömuleiðis. Kvaðst ákærði ekki hafa séð höggið, hann hafi setið og verið að tala við einhvern annan. Þegar borin var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið búin að gleyma að brotaþoli hafi tekið meðákærða hálstaki í aðdraganda þess að meðákærði kýldi brotaþola.

Fyrir dómi bar ákærði Y hvað varðar háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákærulið I, að hann hefði umrætt kvöld verið að halda upp á afmælið sitt. Þeir hafi síðan verið komnir í eftirpartý á A, heima hjá meðákærða, þegar ákærði hafi heyrt læti inni og heyrst að brotaþoli hafi verið búin að vera að veifa typpinu og verið í slagsmálum við vitnið G. Kvaðst ákærði hafa séð vitnið G bakka út um hurðina og brotaþola á eftir honum með kreppta hnefa. Brotaþoli hafi þá slegið til G, sem hafi verið að reyna að róa hann og kvaðst ákærði þá hafa rétt bankað aftan í hausinn á brotaþola með 700 ml vodkaflösku úr gleri og spurt hvort það væri ekki allt í lagi með hann. Hafi ákærði þá verið barinn af fullu afli í eyrað og misst jafnvægið. Kvað ákærði minni sitt ekki gott eftir það. Hafi ákærði strax eftir höggið sem hann fékk sveiflað frá sér með hendinni sem flaskan var í og telji það vera höggið sem málið varðar. Kvaðst ákærði ekki vita hvar það högg endaði. Eftir það hafi brotaþoli elt ákærða niður götuna og öskrað á eftir honum hótanir. Kvaðst ákærði ekki hafa séð hvað gerðist eftir það. Kvaðst ákærði ekki strax hafa séð blóð á brotaþola, ekki fyrr en hann var komin á götuna á eftir ákærða. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa séð meðákærða kýla brotaþola. Hvað varðar háttsemi sem lýst er í ákærulið

III, bar ákærði að hann hefði verið þarna með brotþola og meðákærða og fleirum. Kvaðst ákærði hafa komið út af salerninu þar sem brotþoli og meðákærði hefði eitthvað verið ósáttir hvor við annan. Hafi brotþoli verið ofurölvi og tekið ákærða hálstaki og ákærði ítrekað beðið hann að sleppa en brotþoli ekki orðið við því. Kvaðst ákærði því hafa slegið frá sér einu sinni og taldi höggið hafa komið á kjálka brotþola. Kvaðst ákærði ekki hafa séð annað í stöðunni til að losa sig þegar brotþoli hafi verið að þrengja að hálsi hans.

Framburður vitnisins Z brotþola, fyrir dómi var efnislega eins og framburður hans hjá lögreglu. Kvað vitnið ákærða Y hafa slegið sig þungu höggi í hnakkann með „lítars vodkaflösku“ og ákærði síðan slegið henni í enni brotþola, er brotþoli hafi snúið sér við og ætlað að taka af honum flöskuna. Kvað vitnið aðdragandann hafa verið þegar hann var að ýtast við einhvern aðila þarna sem hann kunni ekki deili á. Vitnið kannaðist ekki við að hafa slegið ákærða Y í eyrað. Þá kvað vitnið að þegar hann hefði verið að fara af vettvangi hefði ákærði X elt brotþola uppi og kýlt hann ítrekað, þrisvar eða fjórum sinnum. Þá kvaðst vitnið kannast við að einhver hróp og köll hefðu átt sér stað á milli aðila, hann hefði verið orðinn reiður og verið að reyna að passa að ákærði Y færi ekki af vettvangi áður en lögreglan kæmi. Aðspurður um langtímaafleiðingar árásarinnar kvaðst vitnið hafa verið með hausverk í rúmlega þrjár vikur eftir árásina, þá hafi ákærði tognað í kjálka sem hafi valdið honum óþægindum í nokkra mánuði fyrst eftir. Þá væri hann enn að eiga við kvíða eftir árásina og sé á lyfjum vegna þess. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið drukkinn umrætt sinn en ekki ofurölvi.

Fyrir dómi bar vitnið F, með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið vera vinur brotþola og kannast við ákærðu báða. Kvaðst vitnið hafa verið ölvaður umrætt sinn. Kvaðst vitnið ekki hafa séð þetta ákærða Y sló ákærða með flöskunni. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða X kýla brotþola fjórum hnefahöggum í andlitið. Kvaðst vitnið ekki hafa séð brotþola sýna ógnandi hegðun eða ráðast á neinn, nema hann hafi reynt að verja sig eftir að hann fékk flöskuna í hausinn.

Fyrir dómi bar vitnið Í, í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvað vitnið brotþola vera vin [...] vitnisins, þá kvaðst vitnið kannast við ákærðu, en þeir væru ekki lengur félagar vitnisins. Kvað vitnið mikinn derring hafa verið í gangi og hafi brotþoli

verið að veifa tittlingum við eyra eins viðstaddra sem hafði verið með stæla við vitnið, en vitnið kvaðst ekki þekkja deili á þeim aðila. Vitnið kvað brotþola hafa verið í átökum við vitnið G í brekkunni og vitnið hafi séð brotþola blóðugan eftir það, en vitnið vissi ekki hvenær sá áverki kom til. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa séð brotþola fá flösku í hnakkann, en minnti þó að hafa séð brotþola og ákærða Y slást. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt ákærða Y stæra sig af því að hafa lamið brotþola í andlitið.

Fyrir dómi bar vitnið J í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið ekki hafa þekkt brotþola fyrir atburðinn og einungis hafa umgengist ákærðu í stuttan tíma, hann hafi verið að leigja með ákærða X á þessum tíma. Kvað vitnið slagsmál hafa verið í gangi, sem hafi byrjað með átökum milli G og brotþola. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða Y slá brotþola með flösku í ennið og svo í hnakkann. Þá kvaðst vitnið hafa séð ákærða X kýla brotþola nokkur högg, líklega tvö, í andlitið af tilefnislausu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola sýna ógnandi hegðun í garð ákærða X. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða sýna ógnandi hegðun í garð ákærða Y eða brotþola veitast að honum.

Fyrir dómi bar vitnið G í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið þekkja ákærðu báða, ákærða X þó minna. Kvaðst vitnið vita hver brotþoli er, en hafi ekki þekkt hann áður. Vitnið kvað átök hafa brotist út milli sín og brotþola í kjölfar einhvers derringis milli vitnisins Í og Sigurjóns féлага vitnisins. Ákærði Y hafi komið að og „bankað“ í hnakkann á brotþola sem hafi brugðist við með því að kýla ákærða Y í eyrað. Hafi vitnið gengið á milli þeirra og séð flöskuna koma fram hjá sér, í andlitið á brotþola. Síðan hafi brotþoli verið öskrandi að hann ætlaði að drepa þá alla. Eftir það kvaðst vitnið hafa séð ákærða X kýla brotþola nokkrum höggum, tveimur til þremur, í hausinn.

Fyrir dómi bar vitnið K í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða Y slá brotþola í hausinn með flösku, þannig að blæddi úr enni hans. Þá kvaðst ákærði hafa séð ákærða X lemja brotþola. Kvaðst vitnið ekki muna högginn voru mörg.

Fyrir dómi gaf skýrslu vitnið W lækni. Staðfesti vitnið vottorð sitt í málinu, sem varðar brotþola Z. Kvað vitnið áverka brotþola hafa samrýmst sögu þeirri er hann sagði við komu á slysadeild. Áverkarnir gætu verið eftir sljótt áhald.

Fyrir dómi gaf skýrslu lögreglumaður nr. 0703. Kvaðst vitnið hafa komið á vettvang að A vegna líkamsárásar. Staðfesti vitnið skýrslu sína sem liggur meðal gagna málsins.

Fyrir dómi bar vitnið Q brotþoli í meginatriðum með sama hætti og haft var eftir honum hjá lögreglu. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða X frá því að hann var lítill. Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir atvikum, annað en að ákærði X hafi haldið hníf að hálsi vitnisins. Aðspurður kvað vitnið ákærða ekki hafa haldið hnífnum öfugt. Kvaðst vitnið hafa fundið hnífsblaðið við háls sinn. Taldi vitnið þetta hafa staðið í um 10 sekúndur. Kvað vitnið ákærða hafa hlegið að þessu og hafi vitnið reynt að hlæja líka, en ekki þótt þetta fyndið. Þá kvað vitnið atvikið ekki hafa haft áhrif á hann. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig hnífurinn leit út.

Fyrir dómi bar vitnið M í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið þekkja til ákærða X gegnum sameiginlegan vin þeirra. Þá kvað vitnið brotþola vera æskuvín sinn. Kvað vitnið ákærða hafa komið upp að brotþola með hníf og þeir að rífast. Kvað vitnið brotþola hafa haldið hníf að hálsi brotþola, í stuttan tíma, kannski 30 sekúndur. Aðspurð kvaðst vitnið ekki vita hvernig hnífurinn sneri. Kvað vitnið brotþola hafa verið hræddan á meðan þessu stóð. Kvað vitnið ákærða og brotþola hafa hlegið að þessu eftir á, en vitnið taldi það hafa verið vegna þess að brotþoli vildi ekki sýna að hann hefði verið hræddur.

Fyrir dómi bar vitni N. Kvaðst vitnið vera búin að þekkja ákærða X síðan á leikskóla, en þeir væru ekki lengur vinir. Þá kvaðst vitnið þekkja til [...] brotþola Q. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða halda einhverju upp að hálsi brotþola. Kvaðst vitnið ekki alveg hafa séð á hverju ákærði hélt, en þó hafi hann séð að hann væri með eitthvað vopn þar sem hann sá glampa á það.

Fyrir dómi bar vitnið Ö brotþoli í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst ákærði ekki þekkja ákærða X, en kvaðst þekkja til [...] hans. Kvað vitnið ákærða hafa

ytt vitninu í jörðina og svo aftur þegar vitnið stóð upp. Hafi vitnið þá yfirgefið svæðið. Kvað vitnið ákærða hafa ýtt með báðum höndum í brjóstakassa vitnisins í tvígang, í bæði skiptin þannig að vitnið féll í jörðina. Kvaðst vitnið seinna hafa heyrt að aðdragandi árásarinnar hafa verið þann að vitnið hafi eitthvað verið að fíflast í [...] ákærða, H. Ítrekað aðspurður um hrindingar ákærða kvað vitnið ákærða hafa ýtt honum fyrst með annarri hendi og þá hafi vitnið næstum fallið en síðan hafi ákærði í tvígang ýtt vitninu með báðum höndum og vitnið fallið í bæði skiptin líkt og áður er lýst. Aðspurður um hvort vitnið hefði meitt sig kvaðst hann hafa borið hendurnar fyrir sig og fengið sár á hendurnar. Þá hafi vitnið þegar það féll fallið á bifreið sem stóð þarna og rekið olnbogann í hana. Þá kvaðst vitnið hafa fengið sár á framanvert hnéð en mundi ekki hvernig það kom til og var ekki viss um að það hefði verið afleiðing árásarinnar. Kvað vitnið árásina hafa haft nokkur áhrif á hann andlega. Hann hafi ekki farið út í tvo daga, en atvikið hafi ekki haft áhrif á vitnið til lengri tíma litið.

Fyrir dómi bar vitnið Í í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið vinur ákærða X. Kvaðst vitnið ekki mikið muna eftir atvikum. Vitnið kvaðst þó muna eftir að ákærða X hafi ýtt brotaþola eitthvað aðeins, einu sinni að vitnið minnti.

Fyrir dómi bar vitnið Á í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvað vitnið brotaþola vera besta vin vitnisins. Kvað vitnið að þeir félagar hafi hitt vitnið H fyrir atvikið. Síðan hafi ákærði X komið á bíl ásamt einhverjum öðrum og stokkið út. Hafi ákærði ýtt við brotaþola sem hafi fallið í jörðina. Minnti vitnið að ákærði hafi reynt að sparka í brotaþola og brotaþoli rúllað eftir gangstéttinni, en brotaþoli síðan staðið upp og þeir gengið í burtu. Kvað vitnið ákærða hafa komið að vitninu og spurt hvort hann ætti að gera honum þetta líka. Kvað vitnið brotaþola hafa verið blóðugan á höndinni eftir að hafa borið hana fyrir sig í fallinu.

Fyrir dómi bar vitnið R læknir, að hún hefði tekið á móti brotaþola á bráðamóttöku umrætt sinn. Vitnið staðfesti vottorð sitt sem liggur frammi í málinu. Kvað vitnið áverka brotaþola hafa samrýmst sögunni sem hann gaf við komu á bráðamóttöku.

Fyrir dómi bar vitnið S að hann væri ekki tengdur ákærða, en þekkti til hans. Þá kvaðst vitnið hafa umrætt sinn hafa verið með brotaþola þar sem ákærði hafa komið og ýtt við

brotapola þannig að hann féll og fór að gráta. Kvaðst vitnið telja ákærða hafa ýtt við brotapolu vegna þess að brotapolu hefði áður verið að atast í [...] ákærða. Aðspurður kvað vitnið brotapolu hafa fallið strax niður, þegar ákærði ýtti við honum. Kvað vitnið brotapolu hafa fallið aftur fyrir sig og borið hendina fyrir sig. Þá taldi vitnið ákærða bara hafa ýtt einu sinni við brotapolu.

Fyrir dómi bar lögreglumaður nr. H1736, efnislega með sama hætti og hún lýsti atvikum í skýrslu hennar, er liggur frammi í málinu. Kvað vitnið ákærða hafa ráðist strax að „makkernum“ hennar þegar þau komu á vettvang. Kvað hún ákærða hafa verið handtekinn og hafi hann sýnt mikinn mótþróa. Kvað vitnið ákærða hafa sparkað tvívegis í andlit vitnisins, einu sinni hvoru megin. Þá hafi ákærði sparkað neðarlega í kvið vitnisins. Loks kvað vitnið ákærða hafa ítrekað hóttað þeim lífláti. Kvaðst vitnið hafa tekið hótunum hans alvarlega og átt erfitt með svefn fyrst í kjölfarið. Þá staðfesti vitnið skýrslu sína er liggur frammi í málinu.

Fyrir dómi bar lögreglumaður nr. h938 efnislega með sama hætti og vitnið lýsti atvikum í skýrslu sinni. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða sparka einu sinni í andlit lögreglumanns nr. H1736. Kvaðst vitnið ákærða einnig hafa sparkað í klof framangreinds lögreglumanns. Þá kvað vitnið ákærða hafa hóttað lögreglumönnum líkamsmeiðingum. Aðspurður kvað vitnið ákærða hafa verið handtekinn eftir að hann ýtti við vitninu. Þá staðfesti vitnið skýrslu sína er liggur frammi í málinu.

Fyrir dómi bar vitnið T læknir að hún hefði tekið á móti lögreglumanni H1736 á bráðamóttöku. Staðfesti vitnið vottorð sitt er liggur frammi í málinu.

Fyrir dómi bar vitnið Æ brotapolu í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu. Kvaðst vitnið hafa verið vinur ákærða X Þeir hafi verið saman á barnum og vitnið eitthvað að ræða við ákærða um að hann væri að hanga með [...] strákum. Hafi ákærði þá kýlt vitnið, þannig að vitnið fékk skurð og risastóran marblett við augað. Vitnið kvaðst hafa verið drukkinn umrætt sinn, en hann kvaðst ekki muna eftir að hafa verið að halda utan um ákærða eða halda honum í hálstaki. Aðspurður um líðan sína kvað vitnið þetta hafa haft áhrif á sig. Hann búi í [...] og ekki gaman að labba um með risastóran marblett við augað.

Fyrir dómi bar vitnið V læknir að hún hefði tekið á móti brotþola Æ á slysamóttöku sjúkráðsins [...]. Kvað vitnið áverkana samrýmast sögu þeirri er brotþoli gaf umrætt sinn. Staðfesti vitnið vottorð sitt sem liggur frammi í málinu.

Fyrir dómi bar vitnið H eingöngu um atvik er vörðuðu ákærða Y, en skoraðist undan vitnaskyldu vegna fjölskyldutengsla sinna við ákærða X. Um atvik er lýst er í ákærulið I, bar vitnið með öðrum hætti fyrir dómi, en hjá lögreglu, þar sem vitnið hafi kveðist ekki hafa séð ákærða Y veita brotþola högg. Fyrir dómi kvað vitnið ákærða og brotþola Z eitthvað hafa verið að ýtast. Hafi brotþoli verið að lemja einhverja og hafi slegið j, sem hafi reynt að stöðva átökin, og hafi brotþoli þá líka slegið ákærða Y þegar hann hafi reynt að stoppa átökin. Kvaðst vitnið hafa séð brotþola kýla ákærða Y í eyrað. Kvaðst vitnið hafa séð þetta í gegnum glugga á hurð, þar sem vitnið hafi verið inni en þeir beint fyrir utan dyrnar. Hafi vitnið þá farið út og séð ákærða Y slá brotþola með flösku í andlitið. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða Y „banka“ með flöskunni í hnakkann. Hvað varðar atvik sem lýst er í ákærulið III, bar vitnið að hann hefði verið með ákærða og brotþola á barnum umrætt kvöld. Hafi brotþoli verið að fara í taugarnar á þeim öllum. Kvað vitnið ákærða Y berja brotþola. Kvað vitnið brotþola hafa haldið um háls ákærða og ákærði sagt honum ítrekað að sleppa í aðdraganda þess að ákærði kýldi brotþola.

IV.

Forsendur og niðurstöður

Ákærða Y er í máli þessu gefin að sök annars vegar sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið brotþolann Z með glerflösku í höfuðið, líkt og nánar greinir í ákæru, og hins vegar líkamsárás með því að hafa slegið brotþolann Æ í andlitið með krepptum hnefa, líkt og nánar greinir í ákæru.

Ákærða X er í máli þessu gefin að sök, í fyrsta lagi líkamsárás með því að hafa slegið brotþolann Z fjórum sinnum með krepptum hnefa í andlitið; í öðru lagi fyrir hótun með því að hafa haldið hnífi upp að hálsi brotþolans Q; í þriðja lagi fyrir líkamsárás með því að hafa ýtt brotþolanum Ö þannig að hann féll; í fjórða lagi líkamsárás með því að hafa slegið brotþolann Þ í andlitið með krepptum hnefa; í fimmta lagi brot gegn valdstjórninni með því að hafa ýtt við lögreglumanni nr. h938 og sparkað þrisvar í

lögreglumann nr. H1736 og fyrir að hafa ítrekað hótað framangreindum lögreglumönnum ofbeldi og lífláti, allt líkt og nánar greinir í ákæru.

Ákærðu hafa hvor um sig neitað sök, að öðru leyti en að ákærði X hefur játað háttsemi þá er lýst er í ákærulið II.3, er snýr að brotapolanum Þ. Af hálfu ákærða Y er á því byggt hvað varðar I. lið ákæru, að hann hafi ekki slegið brotapolann Z í hnakkann með flösku líkt og greinir í ákæru, heldur eingöngu „bankað“ í hann, þá hafi hann ekki haft ásetning til að valda tjóni eða beina höggi að höfði brotapolans er flaskan lenti í höfði hans. Hafi ákærði eingöngu sveiflað hendinni sem viðbragði við höggi brotapola, sem hafi kýlt ákærða í höfuðið. Þá er af hálfu ákærða X vísað til 12. gr., sem og 3. mgr. 218. gr. c. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á því byggt að brotapoli hafi átt upptökin. Hvað varðar III. lið ákæru, er byggt á sömu vörnum af hálfu ákærða Y, þ.e. á því byggt að brotapoli hafi átt upptökin með því að halda ákærða í taki og ekki verða við ítrekuðum óskum hans að sleppa. Af hálfu ákærða X er varðandi I. lið ákæru vísað til þess að ekki sé lýst áverkum af atlögu hans, þá sé ósannað hversu mörg högg ákærði hafi veitt brotapola. Þá byggir ákærði á því að hann hafi veitt brotapola högg í sjálfsvörn, þar sem brotapoli hafi fyrir atvikið slegið tvo menn, verið með hótanir og slegið til ákærða. Hvað varðar ákærulið II.1, er á því að byggt að brotapoli hafi ekki verið mjög hræddur því hann hafi ekki trúað því að ákærði ætlaði að gera honum mein. Hvað varðar ákærulið II.2, er á því byggt af hálfu ákærða að ósannað sé að ákærði hafi ýtt við brotapola þannig að hann félli við. Er á því byggt að brotapoli hafi fallið við vegna slysnis er hann rakst í gangstéttakant. Líkt og áður greinir hefur ákærði játað sök í ákærulið II.3. Hvað varðar ákærulið II.4, er á því byggt af hálfu ákærða að hann hafi ekki haft ásetning til valdstjórnarbrots. Kvaðst ákærði hafa sparkað út í loftið. Þá hafi ákærði verið beittur óþarfa harðræði og lögregla sótt að honum að óþörfu.

Fyrir dómi báru öll þau vitni, er sáu ákærða veita brotapola Z umrædd högg, annað eða bæði, í meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu, hvað þetta atriði varðar utan vitnisins H, sem þó kvaðst fyrir dómi hafa séð ákærða slá brotapola með flösku í andlitið. Fyrir dómi bar ákærði að hann hefði eingöngu sveiflað frá sér hendinni í kjölfar höggs frá ákærða en ekki ætlað að slá brotapola í ennið. Framburður ákærða hvað þetta varðar er að nokkru leyti í ósamræmi við framburð hans um þetta hjá lögreglu þar sem hann segist hafa slegið flöskunni til baka er brotapoli hafi slegið til hans. Að öllu framansögðu

virtu verður talið sannað að ákærði Y hafi af ásetningi slegið brotþola með flösku í höfuðið með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru og gögn málsins bera með sér. Sú vörn ákærða Y að brotþolinn Z hafi átt upptökin að átökum milli aðila umrætt kvöld eiga sér nokkurn stuðning í framburði vitna. Ekki þykir þó unnt að fallast á þær varnir ákærða Y að hann hafi veitt brotþola högg í höfuðið með flösku umrætt sinn í neyðarvörn, þannig að það leysi hann undan refsíabýrgð, jafnvel þó brotþoli kunni að hafa veitt ákærða hnefahögg, enda verður að telja að það að verjast hnefahöggi með barefli er beint er að höfði, fari út fyrir leyfileg mörk neyðarvarnar skv. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ekki fallist á að aðstæður hafi verið slíkar sem lýst er í 2. mgr. greinarinnar umrætt sinn.

Ákærði X kvaðst fyrir dómi hafa veitt brotþolanum Z þrjú til fjögur hnefahögg, líkt og lýst er í I. lið ákæru, í sjálfvörn þar sem brotþoli hefði verið búinn að ráðast á minnst tvo aðra fyrr um kvöldið og hefði verið með hótanir við meðákærða. Framburður ákærða um að hann hafi veitt höggin í neyðarvörn eða sjálfsvörn eiga sér ekki stoð í framburði vitna þeirra er kveðast hafa séð umrædd högg. Bera þau ýmist að höggin hafi verið veitt að tilefnislausu eða að brotþola hafi ekki sýnt ákærða X ógnandi hegðun. Að öllu framangreindu virtu telst sannað að ákærði X hafi veist að brotþolanum Z líkt og greinir í ákæru og verður ekki á það fallist að sú háttsemi hans teljist refsilaus á grundvelli 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði X að hafa borið hníf að hálsi brotþolans Q, líkt og lýst er í ákærulið II.1, en kvaðst þó hafa snúið hnífnum öfugt. Bar hann að hann hafi ekki haft ásetning til að hræða brotþolann með háttsemi sinni heldur hafi eingöngu verið um grín að ræða. Á þessi framburður hans ekki stoð í framburði vitna þeirra sem voru á vettvangi umrætt sinn, eins langt og hann nær. Að teknu tilliti til aldurs brotþola umrætt sinn, sem og aldursmunar á milli hans og ákærða, verður ekki á það fallist með ákærða að háttsemi hann að leggja hníf að hálsi brotþola hafi ekki falið í sér hótun í verki og má þá einu gilda hvort hnífnum var snúið þannig að beitti hluti blaðsins sneri að hálsi brotþola eða ekki. Telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákærulið II.1.

Fyrir dómi kvaðst ákærði X hafa ýtt við brotapolanum Ö, en brotapolinn ekki fallið við það, heldur bakkað um tvö skref, rekist í gangstéttarkant og fallið við það. Kvaðst ákærði ekki hafa haft ásetning til að meiða brotapolann. Brotapoli bar aftur á móti fyrir dómi að ákærði hefði ýtt við brotapola í tvígang þannig að hann féll í jörðina. Að öllum málsatvikum virtum þykir framburður ákærða, þess efnis að það hafi ekki verið vegna ýtinga hans, heldur vegna klaufagangs brotapolans sjálf sem brotapoli féll í jörðina, ekki trúverðugur, enda nýtur framburður brotapola um að hann hafi fallið vegna ýtinga ákærða stuðnings af framburði vitna á vettvangi. Fyrir dómi kvaðst brotapoli ekki viss um að áverkar þeir er hann hafði á framanverðum hnjám umrætt sinn væru tilkomnir vegna árásar ákærða. Þá hafa vitni borið að brotapolinn hafi fallið aftur fyrir sig og verður því fallist á þær athugasemdir ákærða hvað varðar lýsingu afleiðinga árásarinnar í ákæru. Að öllu framansögðu virtu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist að brotapolanum Ö líkt og greinir í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir, þó að framangreindu virtu um áverka.

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða X og þar sem dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans væri sannleikanum samkvæm þykir sannað að ákærði hafi gert sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákærulið II.3.

Líkt og áður greinir byggir ákærði X á því að hann hafi ekki ætlað að sparka í andlit lögreglumanns H1736 er honum var haldið í lögreglubíl líkt og lýst er í ákærulið II.4. Fyrir dómi bar ákærði þó að hann hafi af ásetningi sparkað í klof lögreglumannsins og þá lýsti ákærði því að hafa ýtt við lögreglumanni h936. Þá kannaðist ákærði við að hafa verið með stæla og í reiði sinni hótad lögreglumönnum öllu illu umrætt sinn, en kvaðst ekkert hafa meint með því heldur bara verið fullur og reiður, enda hafi honum þótt hann órétti beittur. Að virtum gögnum málsins, þ.m.t. myndböndum og skýrslum um efnisinnihald þeirra, sem liggja frammi í málinu, er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið II.4., eins og henni er þar lýst.

Fyrir dómi bar ákærði Y að hann hefði slegið brotapolann Æ, líkt og lýst er í ákærulið III, í sjálfsvörn, þar sem brotapolinn hafi haldið ákærða í hálstaki og ekki orðið við ítrekuðum óskum hans um að sleppa takinu. Á þessi framburður sér nokkra stoð í

framburði vitnisins H, en einnig liggur frammi myndband er sýnir atvik, þó ekki megi að því glögggt greina hvernig tak brotþoli hafi á ákærða. Að virtum atvikum máls verður ekki á það fallist með ákærða að háttsemi hans umrætt sinn hafi verið refsilaus með vísan til 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda beindist atлага hans að höfði brotþolans og var nokkuð harkaleg þó afleiðingar hennar hafi ekki orðið meiri en raun varð. Er það því mat dómsins að sannað þyki að ákærði Y hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákærulið III.

Með hliðsjón af ofangreindu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafa hvor um sig gerst sekir um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða. Hafa ákærðu þannig hvor um sig unnið sér til refsingar. Við ákvörðun refsingar ákærða Y þykir rétt að taka tillit til þess að gögn málsins benda til þess að brotþolar hafi í báðum ákæruliðum er hann varðar átt upptök að átökum á milli aðila.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði X einu sinni áður sætt refsingu, en sakaferill hans hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði Y einu sinni áður sætt refsingu, en sakaferill hans hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Refsing ákærða X er hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Að virtum atvikum máls og að teknu tilliti til þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir ofbeldisbrot, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Refsing ákærða Y er hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Að virtum atvikum máls og að teknu tilliti til þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir ofbeldisbrot, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda nemur kostnaður vegna ákæruliðar I samtals 15.216 krónum, sem er tilkominn vegna öflunar læknisvottorðs. Þá ber yfirlitið með sér að kostnaður vegna ákæruliðar III nemi samtals 15.216 krónum, sem er sömuleiðis tilkominn vegna öflunar læknisvottorðs. Að virtum atvikum máls og að teknu tilliti til afleiðinga árásar sem lýst er í ákærulið I, þykir rétt að framangreindur kostnaður falli að öllu leyti á ákærða Y. Á sakarkostnaðaryfirliti sækjanda, dags. 18. mars 2024, er auk framangreinds einnig tilgreindur kostnaður vegna tekjutaps og ferðakostnaðar ólögráða vitnis og forráðamanns þess, er gáfu skýrslu vegna ákæruliðar II.2., er nemur 82.180 krónum, er þykir rétt að falli á ákærða X. Þá verða ákærðu hvor um sig dæmdir til að greiða þóknun verjanda sinna, líkt og nánar greinir í dómsorði.

Með háttsemi sinni gagnvart brotþola Z, hafa ákærðu bakað sér bótaskyldu samkvæmt almennum skaðabótareglum og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í bótakröfu er krafist miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 2.000.000 króna. Þá er og gerð krafa um málskostnað, að viðbættum virðisaukaskatti. Er hæfilegt að ákærði Y greiði brotþola 600.000 krónur í miskabætur, en ákærði X, þar af in solidum með meðákærða 200.000 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var kynnt ákærðu báðum þann 2. nóvember 2022 við skýrslutöku hjá lögreglu. Þá skulu ákærðu greiða brotþola 300.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Með háttsemi sinni gagnvart brotþola Æ hefur ákærði Y bakað sér bótaskyldu samkvæmt almennum skaðabótareglum og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í bótakröfu er krafist miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 500.000 króna. Þá er og gerð krafa um málskostnað, að viðbættum virðisaukaskatti. Er hæfilegt að ákærði Y greiði brotþola 200.000 krónur í miskabætur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var kynnt ákærða þann 30. nóvember 2022 við skýrslutöku hjá lögreglu. Þá skal ákærði greiða brotþola 300.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Ákærði, X, greiði sakarkostnað samtals að fjárhæð 2.034.380. krónur, þar af þóknun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, sem nemur 1.900.000 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts og aksturskostnað að fjárhæð 52.200 krónur.

Ákærði Y, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Ákærði, Y, greiði sakarkostnað samtals að fjárhæð 1.561.452 krónur, þar af þóknun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, sem nemur 1.500.000 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts og aksturskostnað að fjárhæð 31.020 krónur.

Ákærði Y greiði brotaþola, Z, miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur, en ákærði X greiði honum þar af in solidum 200.000 krónur, í báðum tilvikum ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 23. júlí 2022 til 2. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotaþola jafnframt 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði Y greiði brotaþola, Æ, miskabætur að fjárhæð 200.000 krónur, ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 23. október 2022 til 30. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotaþola jafnframt 300.000 krónur í málskostnað.

Einar Karl Hallvarðsson